

Lög

um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga.

Markmið laga þessara er að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum um eða fyrirtækjasamstæðum er starfa í a.m.k. tveimur ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Skal í þeim tilgangi stofna evrópskt samstarfsráð, hér eftir nefnt samstarfsráð, með fulltrúum starfsmanna eða setja reglur í hverju fyrirtæki og hverri fyrirtækjasamstæðu um upplýsingamiðlun og samráð eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til fyrirtækja og fyrirtækjasamstæðna, sbr. 3. og 4. gr.

Þegar aðalstjórn fyrirtækis, sbr. 7. gr., er hér á landi taka lög þessi enn fremur til erlendra dótturfyrirtækja og starfsstöðva að undantekinni 8. gr., 3. og 4. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 21. gr. og 34.–35. gr.

II. KAFLI

Skilgreiningar.

3. gr.

Fyrirtæki.

Með fyrirtæki í lögum þessum er átt við fyrirtæki sem:

- hefur a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu,
- er með starfsstöðvar í a.m.k. tveimur EES-ríkjum og hefur a.m.k. 150 starfsmenn í hvoru þeirra.

4. gr.

Fyrirtækjasamstæða.

Í lögum þessum merkir fyrirtækjasamstæða samstæðu fyrirtækja sem:

- hefur a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu,
- er með fyrirtæki í a.m.k. tveimur EES-ríkjum,
- samanstendur af minnst tveimur fyrirtækjum, hvoru í sínu EES-ríkinu, sem hvort um sig hefur 150 starfsmenn eða fleiri.

5. gr.

Móðurfyrirtæki.

Móðurfyrirtæki merkir fyrirtæki sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru fyrirtæki, t.d. á

grundvelli eignarréttar, fjárhagslegrar þátttöku eða þeirra reglna sem það starfar eftir, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.

Ef ekki er unnt að sýna fram á hið gagnstæða skal telja að fyrirtæki sé í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru fyrirtæki þegar það beint eða óbeint:

1. hefur rétt til að tilnefna meira en helming fulltrúa í félagsstjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstofnun þess eða
2. fer með meiri hluta atkvæða í því eða
3. á meira en helmingshlut í því.

Ef tvö eða fleiri fyrirtæki innan fyrirtækjasamstæðu fullnægja einu eða fleiri skilyrðum 2. mgr. telst það fyrirtæki móðurfyrirtæki sem fullnægir skilyrði 1. tölul. 2. mgr. Ef ekkert fyrirtækjanna fullnægir skilyrði 1. tölul. 2. mgr. telst það fyrirtæki sem fullnægir skilyrði 2. tölul. 2. mgr. móðurfyrirtæki.

Fyrirtæki, sem móðurfyrirtæki hefur eitthvert það samband við sem nefnt er í 1. og 2. mgr., telst dótturfyrirtæki. Saman mynda móðurfyrirtækið og dótturfyrirtækin fyrirtækjasamstæðu.

Við ákvörðun þess hvaða þýðingu atkvæðisréttur og réttur til að tilnefna fulltrúa í félagsstjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstofnun fyrirtækis hefur í skilningi þessa ákvæðis skulu talin með bæði réttindi í eigu móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja þess.

6. gr.

Undantekningar.

Fyrirtæki telst ekki móðurfyrirtæki skv. 1.–3. mgr. 5. gr. ef um er að ræða:

1. Lánastofnanir, aðrar fjármálastofnanir eða tryggingafyrirtæki, þar sem verðbréfavíðskipti, kaup og sala fyrir eigin hönd eða annarra falla undir eðlilega starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis, sem halda til bráðabirgða hlutabréfum í fyrirtæki sem þau hyggjast selja aftur. Skilyrði er að þau notfæri sér ekki atkvæðisrétt sem þessum hlutabréfum fylgir með það fyrir augum að ákvarða samkeppnisaðgerðir þess sama fyrirtækis eða að þau notfæri sér þennan atkvæðisrétt einungis með það fyrir augum að undirbúa sölu hlutaðeigandi fyrirtækis í heild eða að hluta, eigna þess eða hlutabréfa og að af sölunni verði innan árs frá því að bréfanna var aflað.
2. Eignarhaldsfélag sem öðlast beint eða óbeint yfirráð yfir öðru fyrirtæki, með kaupum á hlut í því eða með öðrum hætti, að því tilskildu að atkvæðisréttur sem yfirráðin veita sé nýttur, einkum er varðar skipun í framkvæmdastjórn og yfirstjórnir fyrirtækja sem þau eiga hlut í, aðeins til að viðhalda fullu verðgildi þessara fjárfestinga og ekki til að ákvarða beint eða óbeint samkeppnisaðgerðir fyrirtækja þessara. Með eignarhaldsfélögum er átt við fyrirtæki sem hafa það meginmarkmið að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum og ávaxta og nýta slíka hagsmuni án þess að blanda sér beint eða óbeint í stjórn slíkra fyrirtækja.

Skiptastjóri þrotabús samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti, eða annar sá aðili sem lögum samkvæmt hefur verið skipaður til að annast félagsslit, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða aðrar sambærilegar aðgerðir, telst ekki í ráðandi aðstöðu í skilningi 5. gr.

7. gr.

Aðalstjórn.

Stjórn fyrirtækis telst aðalstjórn þess.

Stjórn móðurfyrirtækis, sbr. 5. gr., telst aðalstjórn fyrirtækjasamstæðu. Ef tvö eða fleiri fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu eru móðurfyrirtæki telst aðalstjórn vera stjórn þess fyrirtækis sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart hinum fyrirtækjunum, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.

Ef aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu er ekki í EES-ríki telst aðalstjórn vera sá fulltrúi sem aðalstjórn tilnefnir. Ef slíkur fulltrúi hefur ekki verið tilnefndur telst aðalstjórn vera stjórn þess fyrirtækis eða starfsstöðvar sem hefur flesta starfsmenn í EES-ríki.

8. gr.

Fjöldi starfsmanna.

Með fjölda starfsmanna, sbr. 3. og 4. gr., er átt við meðalfjölda starfsmanna á síðustu

tveimur árum áður en beiðni er lögð fram skv. 10. gr. Við ákvörðun þessa skal ekki gerður greinarmunur á starfsmönnum í hlutastörfum og þeim sem gegna fullu starfi, sbr. þó 2. mgr.

Aðalstjórn skal veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um heildarfjölda starfsmanna í fyrirtækjum og starfsstöðvum í einstökum ríkjum. Aðalstjórn skal enn fremur láta þeim í té upplýsingar um félagsform fyrirtækis og fyrirtækjasamstæðu.

III. KAFLI

Stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

9. gr.

Ábyrgð.

Aðalstjórn ber ábyrgð á því að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

10. gr.

Upphaf samningaumleitana.

Aðalstjórn skal að eigin frumkvæði eða fyrir skriflega beiðni um það frá a.m.k. 100 starfsmönnum eða fulltrúum þeirra í a.m.k. tveimur fyrirtækjum eða starfsstöðvum í a.m.k. tveimur EES-ríkjum hefja samningaumleitunir um stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun.

Beiðni skv. 1. mgr. skal afhent aðalstjórn eða einhverri annarri stjórn fyrirtækis sem skal þá framsenda beiðnina til aðalstjórnar.

Frestur, sbr. 19. gr., hefst þegar beiðni starfsmanna, sbr. 1. mgr., hefur verið afhent aðalstjórn eða stjórn annars hlutaðeigandi fyrirtækis sem er hluti af fyrirtækjasamstæðunni eða fyrirtækinu.

11. gr.

Skipan sérstaks samningaráðs.

Að uppfylltum ákvæðum 10. gr. skal aðalstjórn hafa frumkvæði að skipan sérstaks samningaráðs sem hafi það að markmiði að vinna að stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

Í samningaráði skulu eiga sæti a.m.k. þrjú en mest átján menn. Fulltrúar starfsmanna kjósa fulltrúa í ráðið úr sínum hópi. Ef því verður ekki við komið skulu allir starfsmennirnir kjósa um þá.

Fulltrúar í samningaráðið, sem kosnir eru á Íslandi, skulu kosnir úr hópi starfsmanna af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis. Séu ekki trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt á kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Starfsmenn sem stöðu sinnar vegna eiga ekki trúnaðarmann eiga rétt á að velja sér fulltrúa sem skal taka þátt í kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Samningaráðið skal þannig skipað:

1. Einn fulltrúi starfsmanna frá hverju ríki þar sem fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan rekur eitt eða fleiri fyrirtæki eða starfsstöðvar, sbr. þó 2. og 3. tölul.
2. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur færri en 2.000 starfsmenn og á fyrirtæki eða starfsstöðvar í aðeins tveimur ríkjum skal auk þess tilnefndur einn fulltrúi starfsmanna í því ríki þar sem starfsmenn eru fleiri.
3. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur 2.000 eða fleiri starfsmenn skulu enn fremur tilnefndir:
 - a. einn fulltrúi starfsmanna í ríkjum þar sem a.m.k. 25% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa og
 - b. tveir fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 50% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa eða
 - c. þrjú fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 75% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa.

Séu fulltrúar, sem kosnir hafa verið skv. 1.–3. tölul. 5. mgr., fleiri en átján skal þeim full-

trúum fækkað sem kosnir hafa verið skv. 3. tölul. 5. mgr. Skal þá fyrst fækkað fulltrúum skv. a-lið, síðan skv. b-lið og að síðustu skv. c-lið.

Þegar samningaráðið hefur verið skipað skal aðalstjórn og staðbundnum stjórnnum tilkynnt um skipan þess.

12. gr.

Verkefni og kostnaður sérstaka samningaráðsins.

Samningaráði og aðalstjórn ber í anda samvinnu að vinna að gerð skriflegs samnings um stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

Samningaráðið getur kvatt sér til aðstoðar sérfræðinga að eigin vali meðan á samningaviðræðum stendur. Kostnaður aðalstjórnar takmarkast við störf eins sérfræðings.

Aðalstjórn skal bera þann kostnað sem hlýst af samningaviðræðum þannig að samningaráðinu sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti, þar með talinn útlagðan ferða- og gistikostnað. Þá skal aðalstjórn útvega samningaráðinu húsnæði auk tülka og ritara ef þörf krefur.

13. gr.

Boðun fundar.

Þegar samningaráðið hefur verið skipað, sbr. 11. gr., skal aðalstjórn boða það til fundar í því skyni að hefja viðræður um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. Stjórnnum annarra fyrirtækja skal tilkynnt um fundarboðið.

14. gr.

Inntak samnings um samstarfsráð.

Í samningi um stofnun samstarfsráðs, sbr. 1. mgr. 12. gr., skulu vera ákvæði a.m.k. um eftirfarandi atriði:

1. Nöfn fyrirtækja og/eða starfsstöðva, sbr. 3. og 4. gr., sem falla undir samninginn.
2. Samsetningu ráðsins, fjölda fulltrúa í ráðinu, úthlutun sæta og skipunartíma þess.
3. Hlutverk ráðsins og upplýsingamiðlun og samráð á þess vegum.
4. Hvar ráðið skal hittast, hversu oft og hve lengi.
5. Hvert fjármagn og aðbúnaður samstarfsráðsins skal vera.
6. Gildistíma samningsins og tilhögun við endurnýjun hans.

15. gr.

Inntak samnings um upplýsingamiðlun og samráð.

Ef aðalstjórn og samningaráð ákveða að gera samning er hefur að geyma reglur um upplýsingamiðlun og samráð, sbr. 1. mgr. 12. gr., skal samningurinn einkum hafa að geyma ákvæði um málefni sem varða fleiri en eitt EES-ríki og hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Í samningi aðila skal þó að lágmarki kveða á um eftirfarandi atriði:

1. Nöfn fyrirtækja og/eða starfsstöðva, sbr. 3. og 4. gr., sem falla undir samninginn.
2. Fyrirkomulag á miðlun upplýsinga og samráði við starfsmenn eða fulltrúa þeirra.
3. Rétt starfsmanna eða fulltrúa þeirra til að koma saman til fundar í því skyni að skiptast á skoðunum um upplýsingar sem þeim eru veittar skv. 1. málsl.

16. gr.

Slit viðræðna.

Samningaráðið getur ákveðið með a.m.k. tveimur þriðju hlutum atkvæða að hefja ekki viðræður um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. eða slíta viðræðum sem þegar eru hafnar.

Hafi samningaráðið ályktað skv. 1. mgr. skal viðræðum um samningsgerð slitið. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði IV. kafla ekki.

Kalla má samningaráðið saman að nýju í fyrsta lagi tveimur árum eftir að framangreind ákvörðun er tekin nema aðilar mæli fyrir um skemmri tíma.

17. gr.

Atkvæðagreiðsla.

Atkvæði meiri hluta fulltrúa í samningaráðinu ráða úrslitum í atkvæðagreiðslum, sbr. þó 16. gr. Ef atkvæði falla jöfn hafa fulltrúar frá því ríki þar sem starfsmenn eru flestir eitt viðbótaratkvæði.

18. gr.

Tilkynning til ráðherra.

Aðalstjórn skal tilkynna ráðherra um samninga sem gerðir hafa verið skv. 14. eða 15. gr. laga þessara.

IV. KAFLI

Ákvæði til vara.

19. gr.

Skylða til stofnunar samstarfsráðs.

Samstarfsráð skal stofnað samkvæmt ákvæðum þessa kafla:

1. ef aðalstjórn og samningaráðið ákveða það,
2. ef aðalstjórn hefur ekki hafið samningaumleitunir innan sex mánaða eftir að beiðni frá starfsmönnum hefur borist um það skv. 10. gr.,
3. ef aðilar hafa ekki komið sér saman um samning þann sem tilgreindur er í 14. eða 15. gr. innan þriggja ára frá þeim tíma þegar beiðni um það barst upphaflega, sbr. 10. gr., og samningaráðið hefur ekki áður tekið ákvörðun skv. 16. gr.

20. gr.

Valdsvið.

Valdsvið samstarfsráðs takmarkast við upplýsingamiðlun og samráð um málefni sem varða:

1. fyrirtæki, sbr. 3. gr., sem eina heild,
2. fyrirtækjasamstæðu, sbr. 4. gr., sem eina heild eða
3. a.m.k. tvær starfsstöðvar fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í a.m.k. tveimur EES-rikkjum.

Þegar um er að ræða fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem falla undir 3. mgr. 7. gr. takmarkast valdsvið samstarfsráðs við málefni sem varða allar starfsstöðvar þess eða fyrirtæki í EES-rikkjum eða a.m.k. tvær starfsstöðvar þess eða fyrirtæki sem eru í mismunandi EES-rikkjum.

21. gr.

Val fulltrúa í samstarfsráð.

Í samstarfsráði skulu sitja minnst þrjú en mest þrjátíu fulltrúar. Fulltrúar starfsmanna kjósa fulltrúa í ráðið úr sínum hópi. Ef því verður ekki við komið skulu allir starfsmennirnir kjósa um þá.

Fulltrúar í samstarfsráðið, sem kosnir eru á Íslandi, skulu kosnir úr hópi starfsmanna af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis. Séu ekki trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt á kjöri fulltrúa í samstarfsráðið.

Starfsmenn sem stöðu sinnar vegna eiga ekki trúnaðarmann eiga rétt á að velja sér fulltrúa sem skal taka þátt í kjöri fulltrúa í samstarfsráðið.

Samstarfsráðið skal þannig skipað:

1. Einn fulltrúi starfsmanna frá hverju ríki þar sem fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan rekur eitt eða fleiri fyrirtæki eða starfsstöðvar, sbr. þó 2. og 3. tölul.
2. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur færri en 2.000 starfsmenn og á fyrirtæki eða starfsstöðvar í aðeins tveimur ríkkjum skal auk þess tilnefndur einn fulltrúi starfsmanna í því ríki þar sem starfsmenn eru flestir.
3. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur 2.000 eða fleiri starfsmenn skulu enn fremur tilnefndir:

- a. einn fulltrúi starfsmanna í ríkjum þar sem a.m.k. 25% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa og
- b. tveir fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 50% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa eða
- c. þrír fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 75% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar starfa.

Séu fulltrúar, sem kosnir hafa verið skv. 1.–3. tölul. 4. mgr., fleiri en þrjátíu skal þeim fulltrúum fækkað sem kosnir hafa verið skv. 3. tölul. 4. mgr. Skal þá fyrst fækkað fulltrúum skv. a-lið, síðan skv. b-lið og að síðustu skv. c-lið.

Aðalstjórn eða einhverju öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi innan fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu skal tilkynnt um hverjir skipa samstarfsráðið.

Ef samstarfsráðið er skipað fleiri en tíu fulltrúum, eða ef samkomulag er um það við aðalstjórn, kýs samstarfsráðið úr sínum hópi framkvæmdanefnd sem skal skipuð mest þremur fulltrúum. Framkvæmdanefndin setur sér starfsreglur.

22. gr.

Endurskoðun.

Annað hvert ár eftir stofnun samstarfsráðs skal aðalstjórn reikna út fjölda fulltrúa fyrir hvert ríki og gefa ráðinu upplýsingar um niðurstöðu sína. Ef niðurstaðan kallar á breytingu á fjölda fulltrúa sem skipaðir hafa verið skv. 4. og 5. mgr. 21. gr. skal fulltrúum í ráðinu fækkað eða fjölgað eftir því sem við á.

Fjórum árum eftir að samstarfsráð hefur verið stofnað samkvæmt ákvæðum í þessum kafla ber ráðinu að ræða hver þörfin er fyrir að hefja viðræður í því skyni að gera samning skv. 14. eða 15. gr. eða hvort halda beri áfram starfi samstarfsráðsins á sama grundvelli og áður.

Ef aðilar ákveða að gera samning skv. 14. og 15. gr. skal samstarfsráðið gegna því hlutverki sem samningaráði væri að öðrum kosti falið.

23. gr.

Reglulegir fundir.

Samstarfsráð hefur rétt til þess að eiga fund með aðalstjórn einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs. Fyrir fundinn skal aðalstjórn útbúa skýrslu um rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækisins sem lögð skal til grundvallar fundinum.

Á fundi skv. 1. mgr. skal einkum fjallað um uppbyggingu fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar, efnahags- og fjárhagslega stöðu, líklega þróun hvað varðar rekstur, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar á skipulagi fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar, tilkomu nýrra starfsaðferða eða framleiðsluáferða, flutning framleiðslu, samruna fyrirtækja, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

24. gr.

Aukafundir.

Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum vegna flutnings, lokunar starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagna, á framkvæmdanefndin eða, hafi hún ekki verið stofnuð, samstarfsráðið rétt á að fá upplýsingar um þessar sérstöku aðstæður.

Framkvæmdanefndin eða, hafi hún ekki verið stofnuð, samstarfsráðið hefur eftir að hafa sent frá sér beiðni þess efnis rétt til að sitja fund með aðalstjórn fyrirtækis eða einhverju öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi í fyrirtækinu eða fyrirtækjasamstæðunni í því skyni að fá upplýsingar og hafa samráð um mikilvægar ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Fulltrúar í samstarfsráðinu, sem kosnir hafa verið í fyrirtækjum eða starfsstöðvum sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á, sbr. 1. mgr., eiga rétt á að sitja fund framkvæmdanefndar sem ráðgerður er skv. 2. mgr.

Fundur skv. 2. mgr. skal haldinn svo skjótt sem við verður komið á grundvelli skýrslu

aðalstjórnar eða annars hlutaðeigandi stjórnunarstigs. Framkvæmdanefndinni eða samstarfsráðinu er heimilt að leggja fram álit á skýrslunni í fundarlok eða innan hæfilegs frests.

Fundur skv. 2. mgr. hefur ekki áhrif á heimildir aðalstjórnar.

Ef skammt er til árlegs fundar skv. 23. gr. er heimilt að fresta umræðum um málefni sem annars yrði fjallað um á aukafundi ef ljóst þykir að frestur af þeim sökum hafi ekki áhrif á samráðsferlið.

25. gr.

Undirbúningsfundur.

Áður en fundur er haldinn með aðalstjórn er samstarfsráðinu eða framkvæmdanefndinni, með þeirri víðtækari skipan sem heimiluð er skv. 3. mgr. 24. gr., heimilt að halda fund án nærveru stjórnarinnar.

26. gr.

Upplýsingagjöf.

Fulltrúar í samstarfsráði skulu greina fulltrúum starfsmanna fyrirtækisins eða, ef slíkir fulltrúar eru ekki fyrir hendi, öllum starfsmönnum fyrirtækisins frá efni upplýsinga og samráði sem farið hefur fram í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. þó 29. gr.

27. gr.

Sérfræðingar.

Samstarfsráðið eða framkvæmdanefndin getur kallað til sérfræðinga að eigin vali ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna starfsemi ráðsins. Kostnaður aðalstjórnar, sbr. 28. gr., takmarkast þó við störf eins sérfræðings.

28. gr.

Kostnaður.

Aðalstjórn greiðir kostnað samstarfsráðsins.

Aðalstjórn ber að tryggja fulltrúum í samstarfsráðinu það fjármagn og þá aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum. Aðalstjórn ber að tryggja að fulltrúar í samstarfsráðinu verði ekki fyrir launamissi vegna þátttöku sinnar í starfi ráðsins.

Einkum skal aðalstjórn greiða kostnað af skipulagi funda og aðstöðu vegna túlkunar og gisti- og ferðakostnað fulltrúa samstarfsráðsins og framkvæmdanefndar hennar nema um annað sé samið.

V. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

29. gr.

Þagnarskylda.

Aðalstjórn er heimilt að leggja þagnarskyldu á fulltrúa í samningaráðinu, samstarfsráðinu og framkvæmdanefndinni, fulltrúa starfsmanna skv. 15. gr. og þá sérfræðinga sem til eru kvaddir þeim til aðstoðar. Aðalstjórn skal tiltaka sérstaklega þær upplýsingar sem þagnarskylda lýtur að.

Þagnarskyldan helst þótt umboð þeirra sem heyra undir 1. mgr. falli niður.

30. gr.

Undanþága frá upplýsingaskyldu.

Aðalstjórn er heimilt að láta hjá líða að veita fulltrúum í samningaráðinu, samstarfsráðinu og framkvæmdanefndinni eða fulltrúum starfsmanna skv. 15. gr. upplýsingar ef þær eru samkvæmt hlutlægu mati þess eðlis að þær geti haft skaðleg áhrif á starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja eða verið þeim skaðlegar.

31. gr.

Réttarstaða.

Fulltrúar í samningaráðinu, samstarfsráðinu eða fulltrúar starfsmanna skv. 15. gr. skulu hvorki sæta uppsögn né skerðingu á kjörum sínum vegna starfa sinna. Skulu fulltrúar starfsmanna njóta sams konar réttarverndar og trúnaðarmenn samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.

Fulltrúum starfsmanna skal tryggður réttur með samningi við vinnuveitanda til að taka sér frí frá störfum svo að þeir geti á eðlilegan hátt sinnt skyldum sínum við gerð og framkvæmd samninga samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

Ágreiningur.

Ágreiningur, sem kann að rísa um gerð eða framkvæmd samnings sem gerður er á grundvelli laga þessara, verður borinn undir almenna dómstóla.

33. gr.

Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um kosningu íslenskra fulltrúa í samningaráðið og samstarfsráðið.

VI. KAFLI

Viðurlög.

34. gr.

Upplýsingar til þriðja aðila.

Þeir sem þrätt fyrir þagnarskyldu skv. 29. gr. láta þriðja aðila í té upplýsingar sem þeim hafa verið veittar skulu dæmdir til fésekta nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

35. gr.

Viðurlög.

Brot á 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr., 19. gr., 23. gr. og 1.–2. mgr. 24. gr. varða fésektum.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

36. gr.

13. gr. samningar.

Lög þessi taka ekki til fyrirtækja og fyrirtækjasamstæðna sem eiga aðild að samkomulagi um upplýsingagjöf og samráð á grundvelli 13. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Skilyrði er að samkomulag aðila hafi öðlast gildi í síðasta lagi 21. september 1996 og að það nái til allra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu og snerti upplýsingagjöf og samráð um málefni fyrirtækja í tveimur eða fleiri ríkjum.

Ef samkomulag, sbr. 1. mgr., fellur úr gildi er aðilum heimilt að framlengja það. Að öðrum kosti fer um samskipti aðila samkvæmt lögum þessum.

37. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 10. mars 1999.